ÁRSSKÝRSLA

HEIMILIS OG SKÓLA

LANDSSAMTAKA FORELDRA

2019



Aðalfundur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra haldinn 28. maí 2020
í húsi Sjónarhóls, Háaleitisbraut 11-13, 108 Reykjavík

Útgefandi: Heimili og skóli – landssamtök foreldra
Suðurlandsbraut 24, 2. hæð
108 Reykjavík

Ritstjórn: Hrefna Sigurjónsdóttir
Umbrot og hönnun: Halla Björk Kristjánsdóttir
Forsíðumynd: Freepik
Myndir: Heimili og skóli og Litmynd/Pálmi Ásbjarnarson
Ábyrgðarmaður: Sigrún Edda Eðvarðsdóttir
Prentun: Svansprent

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

SAFT

INHOPE insafe

EFNISYFIRLIT

Inngangur **4**

1 Stjórn og starfsmenn Heimilis og skóla **4**
1.1. Stjórn 4
1.2. Stjórnarfundir 4
1.3. Starfsmenn 5

2 Starfsemi **5**
2.1. Húsnæði 5
2.2. Félagsmenn 5
2.3. Samstarfssamningur 5

3 Helstu verkefni **6**
3.1. Ráðgjöf og upplýsingar 6
3.2. Þjónusta við skólasamfélagið 7
3.3. Fulltrúaráð og svæðasamtök 7
3.4. Foreldraverðlaun Heimilis og skóla 8
3.5. Foreldradagurinn og samstarf við Menntavísindasvið 10
3.6. Krakkar með krökkum 11
3.7. Lestrarátak Ævars vísindamanns 11
3.8. Dagur gegn einelti 12
3.9. Verum vakandi 12
3.10. Það eru engir töfrar – virkni foreldra skiptir máli 12
3.11. SAFT 13

4 Útgefið efni, dreifing og vefsíða **17**
4.1. Útgáfa 17
4.2. Heimasíða og facebook 17

5 Fundir, fræðsla og aðrir viðburðir **18**

6 Samstarf innanlands **18**

7 Erlent samstarf **19**

8 Lokaorð **21**

Lög Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra **22**

INNGANGUR

Tilgangur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra er að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu á öllum skólastigum. Samtökin eru frjáls félagasamtök sem starfa óháð stjórnmálaflokkum og trúfélögum. Einstaklingar eru félagar í Heimili og skóla en einnig foreldrafélög og leik-, grunn- og framhaldsskólar. Með stuðningi félagsmanna og mennta- og menningarmálaráðuneytis hefur tekist að byggja upp þjónustu við skólasamfélagið, foreldra og félög þeirra á landsvísu.

Samtökin eru umsjónaraðili SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) sem er samstarfsverkefni sem hefur það að markmiði að stuðla að vitundarvakningu um bætta og öruggari net- og tækninotkun barna og ungmenna á Íslandi. Frá árinu 1999 rak Evrópusambandið aðgerðaáætlun um örugga netnotkun sem kallaðist *Safer Internet Action Plan*, þeirri áætlun lauk árið 2014. Verkefnin voru færð yfir á nýja samgönguáætlun ESB (CEF – Connecting Europe Facility) sem gildir frá 2014-2020, undir formerkjum *Better Internet*. Verkefnið er styrkt af ESB og íslenskum stjórnvöldum. SAFT er í samstarfi við önnur Evrópulönd í gegnum INSAFE netverkið og deilir með þeim upplýsingum, aðferðafræði og þekkingu.

Heimili og skóli eiga í víðtæku samstarfi við ýmsa aðila um uppeldi, forvarnir, velferð og menntun. Helstu verkefni samtakanna felast í útgáfu, ráðgjöf og fræðslu til foreldra, skóla og annarra sem vinna með börnum og ungmennum sem og að vera málsvari foreldra á opinberum vettvangi og taka virkan þátt í samfélagslegri umræðu. Einnig er boðið upp á fræðslu fyrir nemendur um bætta netnotkun og netöryggi.

Þessi skýrsla nær yfir starfstímabilið janúar til og með desember 2019 og fjallar um helstu þætti í starfsemi samtakanna.

1 | *STJÓRN OG STARFSMENN HEIMILIS OG SKÓLA*

1.1. Stjórn

Kosið var til stjórnar á aðalfundi samtakanna sem haldinn var 17. maí 2019. Kosið var um tvö sæti í stjórn og í framboði voru Helga Birna Gunnarsdóttir frá Hafnarfirði og Þorvar Hafsteinsson frá Kópavogi og voru þau kjörin einróma með lófaklappi. Þá var Þórður Ingi Bjarnason kynntur til leiks sem nýr stjórnarmaður fyrir hönd fulltrúaráðs Heimilis og skóla en hann var valinn á fundi fulltrúaráðs.

Stjórn samtakanna skipa eftirfarandi:
Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, *formaður* | Garðabæ
Þröstur Jónasson, *varaformaður* | Kópavogi
Eydís Heiða Njarðardóttir | Reykjavík
Helga Birna Gunnarsdóttir | Hafnarfirði
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir | Reykjavík
Þorvar Hafsteinsson | Kópavogi
Þórður Ingi Scheving Bjarnason | Foreldraráði Hafnarfjarðar

Kjörnir skoðunarmenn eru Hilmar Ingimundarson og Hlíf Böðvarsdóttir.

1.2. Stjórnarfundir

Haldnir voru níu stjórnarfundir á starfsárinu 2019-2020.

1.3. Starfsmenn

Starfsmenn samtakanna árið 2019 voru:

Hrefna Sigurjónsdóttir, *framkvæmdastjóri*

Bryndís Jónsdóttir, *verkefnastjóri*

Sigurður Sigurðsson, *verkefnastjóri*

Guðberg K. Jónsson, *verkefnastjóri SAFT*

Hildur Halldórsdóttir, *verkefnastjóri*

Starfsmenn hafa víðtæka reynslu og menntun í uppeldis- og menntunarfræði, kennslufræði, náms- og starfsráðgjöf, sálfræði, aðferðafræði, mannauðsstjórnun og alþjóðasamskiptum.



BRYNDÍS JÓNSDÓTTIR

verkefnastjóri



GUÐBERG K. JÓNSSON

verkefnastjóri SAFT



HILDUR HALLDÓRSDÓTTIR

verkefnastjóri



HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR

framkvæmdastjóri



SIGURÐUR SIGURÐSSON

verkefnastjóri

2 STARFSEMI

2.1 Húsnæði

Samtökin reka þjónustumiðstöð á Suðurlandsbraut 24, 2. hæð og leigja húsnæðið af Reitum, fasteignafélagi. Þangað geta foreldrar og aðrir sótt ýmsa þjónustu, svo sem ráðgjöf, fræðslu, efni og upplýsingar. Þar er einnig fundaraðstaða. Reitir hafa stutt samtökin með hagstæðri leigu í gegnum árin og þakka Heimili og skóli stuðninginn.

2.2 Félagsmenn

Félagsmenn í samtökunum eru einkum foreldrar og forráðamenn barna á skólaaldri sem og foreldrafélög, leik-, grunn- og framhaldsskóla. Alls greiddu 2300 einstaklingar félagsgjald árið 2019 og 49 skólar/foreldrafélög.

Skráðir félagsmenn voru 3369 talsins við árslok 2019. Sendir voru greiðsluseðlar fyrir félagsgjöldum á 2165 einstaklinga og greiddu 1163 félagsgjaldið, eða tæplega 54%. Tímarit samtakanna og greiðsluseðill voru send á úrtak 3694 einstaklinga (foreldrar í einum árgangi barna í 1. bekk með virkar upplýsingar í þjóðskrá) og greiddu 1137 þeirra félagsgjaldið, eða tæplega 31%, og teljast því nýir félagar. Samtals greiddu því 2300 einstaklingar félagsgjald fyrir skólaárið 2019-2020 og greidd voru félagsgjöld fyrir 49 skóla/foreldrafélög en greiðsluseðlar voru sendir til 67 skóla/foreldrafélaga. Þrjú sveitarfélög greiða félagsgjald fyrir alla sína skóla og fá því afslátt af félagsgjöldum, þau eru: Akureyri, Garðabær og Kópavogur.

2.3 Samstarfssamningur

Samstarfssamningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti var undirritaður 3. febrúar 2020 og gildir frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2024. Samningurinn felur í sér fjárframlag til að efla samstarf heimila og skóla í landinu og sinna ákveðnum verkefnum sem tilgreind eru í samningi. Hann er mikilvæg stoð til að tryggja rekstur samtakanna og öflugt samstarf við menntayfirvöld í landinu. Afar ánægjulegt er að loks skuli samningur vera í höfn en viðræður höfðu staðið yfir í á fjórða ár með viðaukum sem gerðir voru í millitíðinni. Undirbúningur fór fram á árinu 2019 og undirritun fór sem fyrr segir fram í upphafi ársins 2020. Samningur til lengri tíma stuðlar að stöðugleika í rekstri og öflugra starfi samtakanna.

3.1. Ráðgjöf og upplýsingar

Mikið er leitað til þjónustumiðstöðvar Heimilis og skóla eftir ráðgjöf og upplýsingum. Einnig er óskað eftir fræðslu og fyrirlestrum og hafa Heimili og skóli boðið upp á fjölbreytta fræðslu á árinu fyrir börn, foreldra og starfsmenn skóla.

Haldið er utan um ráðgjöf Heimilis og skóla með ráðgjafarforriti frá Lausn hugbúnaði. Þar eru einkum skráð símtöl en einnig önnur ráðgjöf með tölvupósti og samfélagsmiðlum eftir fremsta megni. Einnig heimsækir fólk þjónustumiðstöð Heimilis og skóla til að fá ráðgjöf og efni. Ráðgjafarforritið var uppfært á árinu og allir flokkar endurskoðaðir sem og skipulag. Því eru einhverjar breytingar á uppsetningu frá fyrri árum.

Þegar eðli fyrirspurna er kannað þá er langoftast haft samband til að fá upplýsingar (71,9%) en því næst óskað eftir styrk/kynningu (12,5%). Næst koma beiðnir um námsefni (6,3%) en kvartanir, félagatal og reikningar og þakkir reka lestina (3,1% hver), sjá mynd 1. Stundum getur verið flókið að flokka ráðgjöfina þar sem málin eru margþætt og geta fallið undir nokkra flokka.

Yfirleitt eru það foreldrar sem leita ráðgjafar (50%). Því næst koma foreldrafélög/foreldraráð (17,5%), aðrir (10%), ekki vitað (7,5%), bekkjarfulltrúar (5%), skólastjórnendur (5%) og loks kennarar (2,5%) og stjórnsýsla (2,5%), sjá mynd 2. Í helmingi tilfella er ekki vitað hvort viðkomandi hefur hringt áður (50%) en 37,5% hafa hringt áður og 12,5% hafa ekki hringt áður. Ráðgjöfin fer oftast fram í gegnum síma (52,5%) en 25% ráðgjafar fara fram með tölvupósti og 22,5% í gegnum samfélagsmiðla. Langoftast er hringt í tengslum við grunnskólastigið (90,9% tilvika) og því næst kemur leikskólastigið.

Yfirleitt er hringt vegna nemanda og skiptist ráðgjöfin þá í nám annars vegar og líðan hins vegar. Þegar kemur að námi er oftast hringt vegna kennslu (40%) og því næst vegna námsefnis (30%). Þar á eftir koma námsörðugleikar (20%) og loks vinnuaðstæður (10%). Þegar kemur að líðan nemanda er oftast hringt vegna eineltis (22%) og hefur það verið með svipuðu móti undanfarin ár. Þar á eftir er dreifingin nokkuð jöfn á milli flokka: kvíði (11,1%), ADHD (11,1%), félagsleg einangrun (11,1%), nemendavernd (11,1%), veikindi/fötlun (11,1%), hegðun (5,6%), velferð nemenda (5,6%), sorg og þunglyndi (5,6%) og námsleiði (5,6%). Oft skarast flokkunin þar sem sama mál getur fallið undir nokkra flokka.

Þegar ráðgjöfin tengdist skólanum var oftast spurt um samskipti (28,6%), aðbúnað, öryggi og umhverfi (28.6%) og ferðir (28,6%). Því næst komu skólanámskrá (7,1%) og frímínútur (7,1%). Samskiptin sneru oftast að skólastjórnendum (41,2%), næst kennurum (35,3%) og svo frístundaheimilum (11,8%) og foreldrum (11,8%).

Þegar foreldrasamtök höfðu samband var oftast leitað eftir ráðgjöf og/eða spurt um skipulag (37,5%) eða leitað eftir fræðslu og fyrirlestrum (37,5%). Spurt var um réttindi og skyldur í 25% tilvika.


Fjölmiðlar leita reglulega til samtakanna en þau samskipti eru sjaldnast skráð sérstaklega enda tíð.

Hluti ráðgjafarinnar tengist netnotkun og fellur þá undir SAFT verkefnið: Samfélag, fjölskylda og tækni. Ráðgjöfin skiptist á eftirfarandi hátt: námsefni/fræðsla (31,8%), netöryggi/siðferði (22,7%), klám (13,6%), annað (13,6%), neteinelti (4,5%), hatursorðræða (4,5%), sexting (4,5%) og lög og reglur (4,5%), sjá mynd 3.

SAFT hjálparlínan er hluti af hjálparlínu Rauða krossins 1717. Ráðgjöfin sem hjálparlína Rauða krossins sinnti skiptist á eftirfarandi hátt: sálræn vandamál (69,42%), félagsleg vandamál (20,25%), heilbrigðisvandamál (3,97%), neysla og fíkn (5,62%), ofbeldi (6,47%), spilavandi (0,29%), kynferðismál (2,35%) og ýmislegt (28,23%).


MYND 1

VEGNA HVERS ER HRINGT?




MYND 2

HVERJIR HRINGJA?



MYND 3

RÁÐGJÖF TENGD NETÖRYGGI



3.2. Þjónusta við skólasamfélagið

Samstarf heimila og skóla krefst stöðugs og gagnkvæms upplýsingastreymis þar sem um er að ræða samstarf um börn og unglinga. Samtökin bjóða upp á fræðslu, fyrirlestra og námsefni fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Boðið er upp á fræðslu um: foreldrastarf, bekkjarstarf, leiðir foreldra til áhrifa, Foreldrasáttmálann, Læsissáttmálann, einelti og vináttufærni og námskeið fyrir bekkjarfulltrúa. Einnig eru haldin SAFT námskeið um örugga og bætta netnotkun barna og unglinga fyrir börn og foreldra. Auk þessa sníðum við fræðsluna að þeim þörfum sem uppi eru hverju sinni. Öll fræðslan er í eðli sínu forvarnafræðsla.

Heimili og skóli vinna að því að efla og styrkja foreldra til þátttöku í foreldrasamstarfi og efla svæðasamtök í gegnum fulltrúaráðið. Markmið þessa grasrótarstarfs er að styðja við starf skóla- og foreldraráða og foreldrafélaga, koma á tengslum milli landshluta og skapa foreldrum þannig breiðan samstarfsvettvang.

Árlega er uppfærður hjá samtökunum netfangalisti yfir skóla- og foreldrasamfélagið þar sem finna má meðal annars fulltrúa í foreldraráðum, skólaráðum og foreldrafélögum í skólum landsins. Einnig er listi yfir samstarfsaðila.

3.3. Fulltrúaráð og svæðasamtök

Svæðasamtök foreldra starfa víða um land. Þau eru samstarfsvettvangur foreldraráða og foreldrafélaga sem yfirleitt eiga fulltrúa í stjórnsýslunni eða fræðsluráðum/skólanefndum í hverju sveitarfélagi. Þar geta foreldrar komið sjónarmiðum sínum á framfæri við yfirvöld og haft áhrif á skólastarf. Mikilvægt er að foreldrar hafi þennan vettvang til að vekja athygli á því sem betur má fara og bætt getur líðan barna og námsárangur en einnig til að styrkja gott starf í samfélaginu.

Fulltrúaráð Heimilis og skóla er skipað fulltrúum frá svæðasamtökum foreldra af öllu landinu. Svæðasamtök foreldra sem eru aðilar að samtökunum tilnefna fulltrúa til setu í fulltrúaráði samtakanna. Fulltrúaráðið kýs annað hvert ár aðila úr sínum röðum í stjórn Heimilis og skóla.

Fyrri fulltrúaráðsfundur ársins var haldinn sama dag og aðalfundur Heimilis og skóla, 17. maí

kl.14:30 í þjónustumiðstöð Heimilis og skóla. Þar var rætt um starfsemi fulltrúaráðs og kosinn fulltrúi ráðsins í stjórn Heimilis og skóla. Þórður Ingi Scheving Bjarnason, Foreldraráði Hafnarfjarðar, hlaut kosningu og tók við af Þorvari Hafsteinssyni frá SAMKÓP.

Seinni fulltrúaráðsfundur ársins var haldinn sama dag og Foreldradagur Heimilis og skóla, þann 14. nóvember 2019, í þjónustumiðstöð Heimilis og skóla. Á dagskrá voru kynning á helstu verkefnum Heimilis og skóla og SAFT og samstarfsverkefni Heimilis og skóla, SAMFOK og Rannsókna og greiningar: Það eru engir töfrar. Formaður Heimilis og skóla kynnti fyrirhugað heimsóknarátak til foreldrafélaga og svæðasamtaka og ræddi mikilvægi góðra tengsla við baklandið. Rætt var um mikilvægi þess að eiga í góðu samstarfi við skólastjórnendur sem væru lykilaðilar í að styðja við foreldrastarf í sínum skólum. Einnig sköpuðust nokkrar umræður um persónuvernd og þau kerfi sem notuð eru til að halda utan um skólastarf. Fulltrúar voru að lokum hvattir til að senda inn hugmyndir og ábendingar og ákveðið að halda næsta fulltrúaráðsfund vorið 2020.

3.4. Foreldraverðlaun Heimilis og skóla

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla voru afhent í 24. sinn við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu við Hverfisgötu, 24. maí 2019. Aðalmarkmiðið með verðlaununum er að vekja athygli á því gróskumikla starfi sem unnið er í leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins og stuðlar að samvinnu heimila, skóla og nærsamfélagsins.

Mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, ávarpaði samkomuna og afhenti verðlaunin ásamt Eydísi Heiðu Njarðardóttur, formanni dómnefndar og Sigrúnu Eddu Eðvarðsdóttur, formanni stjórnar Heimilis og skóla. Úlfhildur Valgeirsdóttir, nemandi í 10. bekk Hagaskóla og meðlimur í Skólahljómsveit Vestur- og Miðbæjar lék á trompet við upphaf og lok viðburðarins við undirleik Darra Mikaelssonar, tónlistarkennara. Daði Víðisson, nemandi í 7. bekk Melaskóla og sigurvegari í Stóru upplestrarkeppninni las ljóð eftir afhendingu verðlaunanna og boðið var upp á veitingar að athöfn lokinni.



MYND: HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR

Úlfhildur Valgeirsdóttir nemandi í Hagaskóla og trompetleikari í Skólahljómsveit Vestur- og Miðbæjar lék fagra tóna á trompet við undirleik kennara síns, Darra Mikaelssonar, við upphaf og lok athafnar.

Verkefnið „Hjólakraftur“ í Norðlingaskóla hlaut Foreldraverðlaunin að þessu sinni. Verkefnið hófst á vorönn 2016 og er markmið verkefnisins að virkja alla nemendur skólans í hreyfingu í gegnum hjólreiðar og virkja einnig foreldra með í leiðinni. Í niðurstöðum dómnefndar sagði: „Þannig stuðlar verkefnið að bættri lýðheilsu íbúa og foreldra nemenda í úthverfi Reykjavíkurborgar í gegnum hjólreiðar. Verkefnið er samstarfsverkefni þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts, Hjólakrafts og Norðlingaskóla. Annað markmið verkefnisins er að ná til þeirra nemenda sem eru vanvirkir í skólaíþróttum, búa við erfiðar félagslegar aðstæður eða eru nýir íbúar í Reykjavík, með erlendan bakgrunn. Verkefnið hefur verið starfrækt í fjögur ár og hefur nú fest sig í sessi. Það fellur vel að markmiðum um heilsueflingu og umhverfisvæna lífshætti og allir eiga kost á að taka þátt óháð efnahag. Verkefnið eykur enn fremur félagsfærni og tengir saman ólíka einstaklinga í gegnum hjólreiðar.“

Veitt voru tvenn hvatningarverðlaun Heimilis og skóla árið 2019. Lestrarvinir í Víðistaðaskóla og Hrafnistu Hafnarfirði og Þollóween, bæjarhátíð í Þorlákshöfn hlutu verðlaunin.

Frá því haustið 2014 hefur Víðistaðaskóli við Víðistaðatún verið í samstarfi við Hrafnistu í Hafnarfirði. Deildarstjóri miðstigs og iðjuþjálfi á Hrafnistu sjá um skipulag og utanumhald á



MYND: LITMYND/PÁLMI ÁSBJARNARSON

Frá afhendingu Foreldraverðlauna Heimilis og skóla árið 2019. Verkefnið „Hjólakraftur“ hlaut Foreldraverðlaunin.

verkefninu sem snýr að því að efla og þjálfa lestur. Þátttakendur í verkefninu eru nemendur í 6. bekk og hópur heimilisfólks á Hrafnistu í Hafnarfirði. Markmið verkefnisins snýr bæði að lestri og tengslum við nærsamfélagið. Tveir til þrír nemendur í hverjum bekk eiga sameiginlegan lestrarvin og skiptast á að lesa fyrir hann. Þeir sem eru vel læsir lesa meira en þeir sem ekki hafa alveg náð tökum á lestrinum en markmiðið er að allir lesi. Mikil eftirvænting ríkir ávallt hjá nemendum þegar kemur að því að heimsækja vini sína á Hrafnistu og einnig hjá heimilisfólkinu sem alltaf tekur sérlega vel á móti nemendum. Fyrir skólalok heldur svo starfsfólk á Hrafnistu lokahóf fyrir nemendur og hitta þá nemendur úr öllum bekkjunum lestrarvinina sem þeir eiga sameiginlega. Í niðurstöðum dómnefndar segir m.a.: „Verkefnið hefur verið við lýði síðan 2014 og tengir saman kynslóðir. Það fellur vel að markmiðum lestrarkennslu og stuðlar að jákvæðum tengslum við nærsamfélagið.“

Hópur foreldra stóð fyrir veglegri bæjarhátíð í Þorlákshöfn í samvinnu við skóla og stofnanir bæjarins undir heitinu Þollóween. Dagskráin, sem bæði var ætluð börnum og fullorðnum, samanstóð af viðburðum sem dreifðust á heila viku. Á dagskrá var m.a. grikk eða gott í Þorlákshöfn, hrollvekjusýning í Frístund og félagsmiðstöð, skelfileg skrautsmiðja í skólanum þar sem allir gátu komið, föndrað, skorið út grasker o.fl., ónotaleg sundstund í sundlauginni, gönguferð með leiðsögn þar sem hinar ýmsu furðuverur spruttu fram, grafir og bein, vasaljósaleit fyrir yngstu börnin, Þollóween-ball fyrir 7. – 10. bekk, draugahús í félagsmiðstöð fyrir 1. – 10. bekk, furðufatahlaup og taugaslakandi jóga. Verkefnið var unnið án allra styrkja í mikilli sjálfboðavinnu og vakti mikla lukku. Einnig var unnið með þemað í kennslu nemenda. Danskennari kenndi hryllingsdans, unnar voru hryllingssögur og margt fleira gert í skólanum. Í niðurstöðum dómnefndar segir m.a.: „Bæjarhátíðin Þollóween er samvinnuverkefni unnið af foreldrum í Grunnskólanum í Þorlákshöfn, skólanum og stofnunum í sveitarfélaginu. Verkefnið var unnið að frumkvæði foreldra. Hópurinn lagði á sig mikla vinnu og náði að skapa samheldni, samvinnu og skemmtun fyrir alla bæjarbúa en sérstaklega börn og fjölskyldur þeirra.“

Dugnaðarforkur Heimilis og skóla árið 2019 var Jolanta Krystyna Brandt en hún er pólsk að uppruna. Hún hefur náð góðum tökum á íslensku og hefur verið drífandi í allri samvinnu milli heimila og skóla í Dalvíkurbyggð og leggur mikinn metnað í öll störf sem hún tekur sér fyrir hendur. Hún hefur gegnum tíðina hvatt aðra foreldra til þátttöku í ýmsum verkefnum og námskeiðum m.a. íslenskunámi og verið óeigingjörn á að túlka og þýða fyrir aðra foreldra og nemendur. Jolanta hefur starfað sem stuðningsfulltrúi í Dalvíkurskóla frá haustinu 2013 og lauk hún námi sem stuðningsfulltrúi vorið 2015. Jolanta hefur verið formaður foreldrafélags Dalvíkurskóla frá hausti 2017 og unnið óeigingjarnt starf í þágu skólans. Eftirtektarvert er hversu viljug Jolanta er að bæta við sig þekkingu og miðla henni til skólans, annara foreldra og samfélagsins alls. Jolanta er foreldri sem er virk í samvinnu

skóla og heimila, bæði í leik- og grunnskóla. Í tilnefningu segir að hún sé drífandi og hvetji aðra til þátttöku í skólasamfélaginu.

Við þökkum IKEA og Svansprent fyrir að styðja við Foreldraverðlaunin

Í dómnefnd árið 2019 sátu:

- Eydís Heiða Njarðardóttir, formaður dómnefndar, Heimili og skóli
- Anna María Gunnarsdóttir, Kennarasamband Íslands
- Guðni R. Björnsson, forvarnaráðgjafi
- Ingibjörg Guðmundsdóttir, Embætti landlæknis
- Ragnheiður Bóasdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Stefanía Sörheller, Reykjavíkurborg
- Þóroddur Helgason, fræðslustjóri í Fjarðabyggð

Við þökkum dómnefnd vel unnin störf.

Sú hefð hefur skapast að heimsækja handhafa Foreldraverðlauna með mennta- og menningarmálaráðherra. Árið 2018 hlaut Vogaskóli Foreldraverðlaun Heimilis og skóla fyrir verkefnið Láttu þér líða vel. Nemendur og starfsfólk skólans taka öll þátt í verkefninu en Vogaskóli er einnig þátttakandi í Heilsueflandi grunnskóla sem er verkefni á vegum Embættis landlæknis. Jónína Ólöf Emilsdóttir, skólastjóri Vogaskóla og Guðrún Gísladóttir, kennari og umsjónarmaður verkefnisins, tóku á móti ráðherra, formanni Heimilis og skóla og framkvæmdastjóra ásamt fylgdarliði 31. janúar 2019 í upphafi skóladags. Viðstaddir fengu kynningu á verkefninu og skoðuðu síðan skólann og fjölbreytta starfsemi hans. Að lokum var boðið upp á kaffi og glæsilegar veitingar á kennarastofunni þar sem þátttakendur áttu gott spjall um mennta- og uppeldismál og helstu áskoranir í því samhengi.



Frá heimsókn mennta- og menningarmálaráðherra í Vogaskóla ásamt formanni og framkvæmdastjóra Heimilis og skóla.

3.5. Foreldradagurinn og samstarf við Menntavísindasvið

Foreldradagurinn var haldinn í níunda sinn 14. nóvember 2019 í samstarfi við Menntavísindasvið og SAMFOK með fræðslukvöldi í fræðsluröðinni „Er ég að klúðra þessu?“ í húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð. Viðburðinum var streymt á facebook. Samstarfið var útvíkkun á samstarfi Menntavísindasviðs við foreldrasamtökin Fróðir foreldrar sem eru hluti af SAMFOK og markmiðið m.a. að miðla rannsóknum til almennings og styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu. Fjallað var um svefn, seiglu og mikilvægi útiveru og var dagskráin eftirfarandi:

- Góðar svefnvenjur! „Setur þú svefninn í forgang?“ Rúna Sif Stefánsdóttir, doktorsnemi fjallaði um rannsóknir á svefnvenjum barna og ungmenna.
- Ekki gefast upp! „Við þurfum bæði harðan skráp og mýkt til að lifa farsælu lífi.“ Ragný Þóra Guðjohnsen, lektor, fjallaði um seiglu barna og ungmenna.
- Úti er ævintýri! „Útivera bætir líf barna.“ Jakob Frímann Þorsteinsson, aðjunkt, fjallaði um gildi útivistar og hins frjálsa leiks.

Fundarstjóri var Björn Karlsson, foreldri í Reykjavík, forstjóri Mannvirkjastofnunar og stjórnarmaður í SAMFOK. Fulltrúaráðsfundur Heimilis og skóla var haldinn fyrr sama dag og nýtt tímarit Heimilis og skóla og Vodafone kynnt.

Heimili og skóli tóku einnig á móti nemum frá Menntavísindasviði í starfskynningu haustið 2019 og voru með opið hús á nýnemadögum Menntavísindasviðs þar sem nemendum bauðst að hitta fagfólk á vettvangi sem vinnur að málefnum barna og unglinga. Samstarfið við Menntavísindasvið hefur haldið áfram og fleiri spennandi verkefni litið dagsins ljós.

3.6. Krakkar með krökkum

Krakkar með krökkum er yfirskrift verkefnis gegn einelti sem Heimili og skóli og SAFT vinna í samstarfi við söng- og leikkonuna Sölku Sól Eyfeld og Vöndu Sigurgeirsdóttur, lektor í tómstunda- og félagsmálafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og einn eigenda KVAN. Undirbúningur verkefnisins fór fram árið 2018 og má lesa um það í ársskýrslu þess árs. Markmiðið með verkefninu er að stuðla að samstarfi og jákvæðri menningu í skólasamfélaginu og koma á fót sjálfbæru verkefni sem stuðlar að forvörnum gegn einelti og vináttufærni með því að hvetja krakka til að standa með öðrum krökkum og eiga í góðum samskiptum sín á milli. Verkefnið er hugsað út frá hugmyndafræði jafningjafræðslu og reynslunáms. Einnig er boðið upp á fræðslu fyrir foreldra og skólastarfsfólk á sama tímabili. Undirbúningsfundur með skólateymum allra skólanna var haldinn 10. janúar 2019. Fræðsla og þjálfun fyrir kennara, nemendur og foreldra fór fram í eftirfarandi grunnskólum í janúar og febrúar: Vatnsendaskóla, Vogaskóla við Skeiðarvog, Garðaskóla, Lágafellsskóla og Sæmundarskóla. Skólarnir tóku síðan við stjórnartaumunum og unnu áfram að verkefninu og jafningjafræðslunni með sínum nemendum. Áfram var sótt um styrki fyrir verkefnið til að fara í fleiri skóla og undirbúningur fyrir framhaldið fór fram á árinu. Verkefnið hefur hlotið stuðning frá Forvarnasjóði Reykjavíkurborgar, Lýðheilsusjóði, Isavia og Byko.





Frá foreldrafræðslu Krakkar með krökkum þar sem Hrefna Sigurjónsdóttir, Salka Sól Eyfeld og Vanda Sigurgeirsdótttir kynntu verkefnið og fræddu foreldra.

3.7. Lestrarátak Ævars vísindamanns

Síðasta lestrarátak Ævars vísindamanns fór fram 1. janúar til 1. mars 2019 og var dregið úr innsendum lestrarmiðum 20. mars 2019 við hátíðlega athöfn í Borgarbókasafninu í Grófinni við Tryggvagötu. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson og mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, drógu nöfn sigurvegaranna úr lestrarátakspottinum og nutu við það aðstoðar leik- og grunnskólabarna sem voru gestir. Athöfninni var streymt í gegnum facebook-síðu Ævars vísindamanns en þetta var í fimmta og síðasta sinn sem átakið var haldið. Þúsundir barna í 1. til 10. bekk um land allt lásu fjölda bóka af miklum móð í lestrarátakinu auk foreldra og sendu lestrarmiða til Heimilis og skóla, en sú nýlunda var í þessari lokaumferð að bjóða fleiri árgöngum að vera með sem og foreldrum og uppalendum. Átakið hefur notið mikilla vinsælda frá upphafi.



Frá síðasta lestrarátaki Ævars vísindamanns. Útdráttur fór fram við hátíðlega athöfn í Borgarbókasafninu í Grófinni við Tryggvagötu.

3.8. Dagur gegn einelti

Heimili og skóli tóku yfir umsjón með dagskrá Dags gegn einelti af Menntamálastofnun haustið 2019 og gerðu samning þar að lútandi til 31. desember 2021. Hefð er fyrir því að á þessum degi, þann 8. nóvember ár hvert, séu veitt hvatningarverðlaun, einstaklingi eða verkefni sem hefur að markmiði að vinna gegn einelti og styðja við jákvæð samskipti. Skólar og foreldrafélög eru einnig hvött til að standa fyrir verkefnum eða gera eitthvað táknrænt sem hvetur til jákvæðra samskipta í tilefni dagsins. Hvatningarverðlaun Dags gegn einelti 2019 hlaut Vanda Sigurgeirsdóttir. Vanda starfar sem lektor í tómstunda- og félagsmálafræði við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún leggur nú stund á doktorsnám þar sem viðfangsefnið er einelti. Vanda hefur allan sinn starfsferil starfað með börnum og fullorðnum að eineltis- og samskiptamálum og er þekkt fyrir vinnu sína bæði hér heima og á erlendum vettvangi. Forvarnir gegn einelti eru hennar hjartans mál og hefur hún skrifað greinar og bókarkafla, stundað rannsóknir og staðið fyrir fræðslu bæði fyrir börn og fullorðna um einelti og jákvæð samskipti. Mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, afhenti Vöndu verðlaunin við hátíðlega athöfn í Vatnsendaskóla í Kópavogi. Sigrún Edda Eðvarsdóttir, formaður Heimilis og skóla og Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri í Kópavogi fluttu ávörp og Salka Sól Eyfeld sagði frá samstarfsverkefninu Krakkar með krökkum sem framkvæmdastjóri Heimilis og skóla stofnaði til með Sölku og Vöndu á sínum tíma og er enn í gangi. Vinaliðar skólans stóðu heiðursvörð við inngöngu í skólann og börn úr skólanum fluttu tónlistaratriði.



Mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, afhenti Vöndu verðlaunin við hátíðlega athöfn í Vatnsendaskóla í Kópavogi.

3.9. Verum vakandi

Heimili og skóli og SAFT í samstarfi við Rannsóknir og greiningu hafa staðið fyrir forvarnarnámskeiðum fyrir foreldra barna í 8.-10. bekk grunnskóla og fyrstu bekkjum framhaldsskóla. Fjallað er um niðurstöður rannsókna meðal barna og unglinga í viðkomandi sveitarfélagi og því næst um mikilvægi foreldra í forvörnum og átján ára ábyrgð. Lýðheilsusjóður og Velferðarsjóður hafa styrkt verkefnið sem hófst árið 2017. Árið 2019 var farið til Hafnar í Hornafirði og Ísafjarðar og unnið að skipulagningu fræðslufunda á höfuðborgarsvæðinu sem Forvarnarsjóður Reykjavíkur veitti styrk til að standa fyrir. Fræðsluyfirvöld á svæðinu og foreldrafélög viðkomandi skóla eru virkjuð í að bjóða foreldrum á fræðslufundina og einnig geta sveitarstjórnir og starfsfólk skóla óskað eftir fundi með Rannsóknum og greiningu um niðurstöður rannsókna í viðkomandi sveitarfélagi.

3.10. Það eru engir töfrar – virkni foreldra skiptir máli

Sumarið 2019 bauðst Heimili og skóla og SAMFOK að nýta fjármagn frá Reykjavíkurborg til forvarnarstarfs og úr varð samstarf samtakanna við Rannsóknir og greiningu um gerð forvarnarmyndbanda undir heitinu „Það eru engir töfrar – virkni foreldra skiptir máli." Í myndböndunum koma meðal annarra fram: framkvæmdastjórar samtakanna, foreldrar, nemendur, mennta- og menningarmálaráðherra, landlæknir, afreksíþróttamaður, fulltrúi lögreglunnar og fleiri sem vinna að að forvörnum með hagsmuni barna og fjölskyldna að leiðarljósi. Þessir aðilar senda foreldrum jákvæð og uppörvandi skilaboð um mikilvægi foreldra í forvörnum og Rannsóknir og greining leggja til niðurstöður úr rannsóknum sínum á líðan og högum ungs fólks sem styðja við skilaboðin. Myndböndin voru birt á sérstökum Facebook og Instagram síðum undir nafninu Það eru engir töfrar og dreift á samfélagsmiðlum. Einnig voru tvö myndbandanna sýnd á Forvarnardeginum, 2. október 2019.

3.11. SAFT

Aðgerðaáætlun um örugga netnotkun
Frá árinu 1999 rak Evrópusambandið aðgerðaáætlun um örugga netnotkun sem kallaðist *Safer Internet Action Plan*, þeirri áætlun lauk árið 2014. Verkefnin voru færð yfir á nýja samgönguáætlun ESB (CEF – Connecting Europe Facility) sem gildir frá 2014-2020, undir formerkjunum *Better Internet*. Markmið áætlunarinnar er að stuðla að öruggri notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, m.a. með því að berjast gegn ólöglegu og óæskilegu efni og stuðla að vitundarvakningu um örugga netnotkun í samfélaginu.

Áætluninni er skipt í fjórar meginaðgerðir:
- Vernd barna gegn ólöglegu eða meiðandi efni á netinu
- Aðgerðir gegn óæskilegu og meiðandi efni á netinu
- Hvatningu til öruggara netumhverfis
- Vakningarátak um jákvæða og örugga netnotkun

Innan áætlunarinnar hafa verið sett af stað verkefni í 31 Evrópulandi. Verkefnin eru hluti af evrópsku samstarfsneti sem kallast INSAFE (www.saferinternet.org og www.betterinternetforkids.eu) og er samhæft af evrópska skólanetinu European Schoolnet (www.eun.org). Verkefnastjórar sækja reglulega samstarfsfundi og ráðstefnur ýmist í eigin persónu eða með fjarfundi.

SAFT verkefnið á Íslandi
Heimili og skóli – landssamtök foreldra, hafa rekið vakningarátak um örugga netnotkun á Íslandi síðan í október 2004. Verkefnið, sem styrkt er af aðgerðaáætlun ESB um örugga netnotkun, og þremur ráðuneytum: mennta- og menningarmálaráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti, hefur frá upphafi gengið undir nafninu Samfélag, fjölskylda og tækni, skammstafað SAFT.

Markmið SAFT er að reka vakningarátak um örugga og jákvæða notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, foreldra, kennara, upplýsingatækniiðnaðar, fjölmiðla og stjórnvalda. Viðfangsefni verkefnisins snúa að því að fræða og styðja börn og foreldra í að njóta netsins og nýrra miðla á jákvæðan og öruggan hátt. Einnig hafa skólastarfsmenn fengið fræðslu frá SAFT.

Sérstök verkefnisstjórn átaksins er skipuð fulltrúum frá: ráðuneytum mennta- og menningarmála, samgöngu- og sveitarstjórna og félagsmála, Háskóla Íslands, Barnaheill, Fjölmiðlanefnd, Ríkislögreglustjóra, Rauða krossi Íslands, Persónuvernd auk verkefnisstjóra SAFT. Í baklandi verkefnisins sitja fulltrúar frá ýmsum hagsmunaaðilum, meðal annars frá: stjórnvöldum, úr viðskiptalífinu, frá rannsóknaraðilum og menntunar- og forvarnaraðilum. Guðberg K. Jónsson stýrir verkefninu á Íslandi ásamt því að sitja í verkefnastjórn INSAFE og ýmsum nefndum og ráðum á vegum Evrópusambandsins.

Framkvæmd verkefnis
Árið 2019 stóð SAFT fyrir ýmsum viðburðum, gaf út fræðsluefni fyrir börn og fullorðna og tók þátt í fjölda verkefna þar sem jákvæð notkun netsins og annarra nýmiðla var til umfjöllunar.

Fræðsluerindi
Fjölmörg fræðsluerindi voru haldin á árinu um land allt fyrir nemendur, kennara, foreldra og starfsfólk heilsugæslu og þjónustumiðstöðva. Boðið var upp á erindi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Yfir skólamánuðina halda SAFT fyrirlesarar að jafnaði tvö til þrjú erindi á viku. SAFT fræðsla í 6. bekkjum grunnskóla hélt áfram.

Vefsíður
Heimasíða verkefnisins er http://saft.is. SAFT er líka með Facebook og Twitter síður og Youtube rás.

Ábendingahnappur
Haldið var áfram að kynna nýjan og endurbættan ábendingahnapp um ólöglegt og óviðeigandi efni á netinu. Ábendingahnappurinn er starfræktur í samstarfi SAFT en Barnaheill - Save the Children á Íslandi og embætti Ríkislögreglustjóra halda utan um verkefnið.

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn
Alþjóðlegi netöryggisdagurinn var haldinn hátíðlegur í sextánda sinn 5. febrúar 2019. Þemað var „Sameinumst um að gera netið betra!" og yfir 150 þjóðir stóðu fyrir skipulagðri dagskrá



Fulltrúar UngSAFT fóru á tvo fundi Evrópuráðs um stafræna velferð (European Council for Digital Good) á árinu en þessi mynd er frá fundinum í Aþenu.

þennan dag. Í tilefni dagsins stóð SAFT fyrir tveimur málþingum, útbjó stutt myndband með jákvæðum skilaboðum um betra net og sendi nýtt kennsluefni á alla grunnskóla landsins.

UngSAFT - Ungmennaráð SAFT

Ungmennaráð SAFT hefur starfað frá árinu 2009 og samanstendur af ungmennum á aldrinum 14-17 ára sem koma víðs vegar af landinu. Ráðið kemur að hugmyndavinnu SAFT um hvernig kenna megi ánægjulega og örugga netnotkun í skólum landsins, vinnur að hönnun kennsluefnis, er ráðgefandi um framkvæmd herferða og gefur álit sitt á fræðsluefni sem samtökin gefa út, auk þess sem meðlimir ráðsins taka þátt í ýmsum viðburðum og málþingum er varða netið og standa fyrir jafningjafræðslu.

Bryndís Jónsdóttir og Hildur Halldórsdóttir, verkefnastjórar hjá Heimili og skóla og SAFT ásamt fulltrúa UngSAFT, Emmu Margréti Timmermans, tóku þátt í Safer Internet Forum ráðstefnunni í Brussel 21. nóvember 2019. Hún fór fram undir yfirskriftinni *From online violence to digital respect*. Auk þess tók ungmennaráðsfulltrúi UngSAFT þátt í *Better Internet 4 kids* pallborði ungmenna þar sem 26 ungmenni frá 20 löndum í Evrópu komu saman og ræddu um málefnið ásamt því að vinna verkefni í tengslum við það. Afraksturinn var svo kynntur á Safer Internet Forum.

Evrópuráð um stafræna velferð

Fulltrúar UngSAFT fóru á tvo fundi Evrópuráðs um stafræna velferð (European Council for Digital Good) á árinu en þeir voru haldnir í Mílanó og Aþenu. Hafrún Arna Jóhannsdóttir og Katrín Lilja Árnadóttir úr UngSAFT tóku þátt í fundinum í Mílanó og tók Katrín Lilja einnig þátt í fundinum í Aþenu ásamt Valgerði Eyju Eyþórsdóttur. Sigurður Sigurðsson, verkefnastjóri, fylgdi þátttakendum á fundina. Á þessum fundum komu fulltrúar saman til að vinna að verkefnum tengdum netöryggi barna og ungmenna. Meðal annars vann ráðið að kennslubók sem ætlunin er að gefa út sem fyrst og skoðanakönnun um hver helstu áhyggjuefni ungs fólks tengdum netinu eru. Könnunin hefur komið að góðum notum við gerð námskeiða og við ráðgjöf hjá SAFT. Niðurstaða könnunarinnar var svo sett á veggspjald sem hefur vakið mikla athygli, meðal annars hjá stjórnvöldum, og verið dreift í skóla landsins. Milli staðbundinna funda hafa verið haldnir fjarfundir á netinu.

Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð

SAFT leiðir Evrópuráðsverkefni um hatursorðræðu á netinu fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Íslands, SAMFÉS, Landssamband æskulýðsfélaga og Æskulýðsvettvanginn. Verkefnið stuðlar að jafnrétti, virðingu, mannréttindum og fjölbreytileika. Markmiðin eru m.a. að stuðla að vitundarvakningu um hatursáróður og hatursorðræðu á netinu meðal ungs fólks, kynna þau fyrir mikilvægi miðlalæsis og styðja þau í að verja mannréttindi á netinu.

Sigurður Sigurðsson, Verkefnastjóri hjá Heimili og skóla og SAFT, var fulltrúi Íslands á *Enter! youth week* ásamt tveimur ungmennaráðsfulltrúum, þeim Enar Kornelius Leferink og Heklu Hlíðkvist Hauksdóttur, sem haldin var í Strasbourg í júlí 2019. Markmið vikunnar var að ræða áætlun Evrópuráðsins sem snýr að því að virkja ungt fólk til góðra verka, sérstaklega þau sem búa við erfiðar aðstæður. Afrakstur vikunnar var yfirlýsing sem send var Evrópuráðinu um að halda áfram því starfi sem hefur verið í gangi og bæta í þar sem stefnan hefur skilað góðum árangri.

LÝSA og Ekkert hatur

Heimili og skóli og SAFT tóku þátt í Lýsu-Rokkhátíð samtalsins sem haldin var á Akureyri 6. og 7. september 2019. Samtökin voru þar með kynningarbás þar sem starfsfólk spjallaði við gesti og gangandi ásamt því að kynna og dreifa efni sem samtökin hafa gefið út á undanförnum árum. Við héldum einnig málstofu um hatursorðræðu á netinu sem vakti mikla lukku og var vel sótt. Eftir málstofuna tókum við í félagi

við fulltrúa úr ungmennaráði SAFT viðtöl við gesti og gangandi um hatursorðræðu sem má sjá á Youtube-síðu SAFT og norðlenska sjónvarpsstöðin N4 tók viðtal við framkvæmdastjóra Heimilis og skóla um hatursorðræðu.

Ung börn og snjalltæki

Á árinu var uppfærður foreldrabæklingurinn „Ung börn og snjalltæki: Grunnur að góðri byrjun". Þar er m.a. fjallað um hvernig fyrstu kynni barna af snjalltækjum ættu að fara fram undir handleiðslu forráðamanna og/eða annarra fullorðinna og að sameiginleg reynsla og leiðsögn stuðlar að ánægjulegri upplifun og góðri byrjun barnsins í heimi tækninnar. Bæklingi var dreift til foreldra allra leikskólabarna landsins í tilefni alþjóðlega netöryggisdagsins í febrúar 2019 og svo aftur í byrjun árs 2020, en Barnavinafélagið Sumargjöf styrkti dreifingu hans.

Börn og miðlanotkun

Handbókin Börn og miðlanotkun hafði verið ófáanleg um nokkurt skeið en var endurprentuð og uppfærð í upphafi ársins.



Frá Lýsu - Rokkhátíð samtalsins sem haldin var á Akureyri. Þar höfðu Heimili og skóli kynningarbás þar sem starfsfólk spjallaði við gesti og gangandi ásamt því að kynna og dreifa efni sem samtökin hafa gefið út á undanförnum árum.

Skjáviðmið fyrir börn og ungmenni

Heimili og skóli og SAFT tóku þátt í víðtæku samráði um gerð skjáviðmiða fyrir börn og ungmenni í samstarfi við Umboðsmann barna, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Landspítala, Embætti landlæknis og Barnaheill. Viðmiðunum var skipt í þrennt fyrir aldurshópana 13-18 ára, 6-12 ára og börn undir fimm ára aldri. Gengið var út frá þeirri meginhugmynd að foreldrar beri ábyrgð á skjánotkun á heimilinu, mikilvægt sé að þeir hugi að sinni eigin notkun og séu góðar fyrirmyndir. Í viðmiðunum er hvatt til þess að foreldrar leitist við að skapa jafnvægi í lífi barna sinna og sé þá horft til þess að skjánotkunin hafi ekki verulega truflandi áhrif á félagsleg samskipti, svefn, heilbrigt líferni og samveru foreldra og barna. Foreldrar eru hvattir til að velja miðla og efni við hæfi barnsins. Með vaxandi aldri og þroska er síðan æskilegt að börn séu höfð með í ráðum þegar settar eru reglur um skjánotkun og læri þannig smám saman að axla ábyrgð á eigin notkun og finna jafnvægi.

Snjallspjall

Snjallspjall var gefið út haustið 2019 en um er að ræða bekkjarverkefni fyrir miðstig og elsta stig grunnskóla. Flest börn og unglingar notast við einhvers konar spjallforrit í tölvum og símum til að spjalla við fjölskyldu, vini og kunningja. Spjallið kemur að miklu leyti í stað sms skilaboða sem kosta oftast peninga en yfirleitt er þessi þjónusta gjaldfrjáls og þægileg í notkun og þar af leiðandi vinsæl. Stundum eru bekkir með spjallhópa þar sem allir í bekknum geta lagt orð eða mynd í belg. Það getur verið frábær samskiptaleið en hlutirnir geta líka verið fljótir að fara úr böndunum og eitthvað sem átti að vera grín eða kaldhæðni kemst illa til skila. Auk þess eru særandi myndir og skilaboð stundum sett inn viljandi. Því er kjörið fyrir nemendur að velta fyrir sér hvers konar samskipti þeir vilja eiga í svona spjalli og setja niður nokkur viðmið um spjall og netsamskipti í bekknum þannig að öllum líði vel. Þannig skapast mikilvæg umræða um hegðun og samskipti á netinu. Verkefninu fylgir veggspjald til að setja inn viðmiðin og kennsluleiðbeiningar.

Hver er ég?

Hver er ég? er verkefni sem Heimili og skóli og SAFT hafa hafa unnið í samstarfi við Siggu Dögg, kynfræðing. Sigga Dögg ásamt Sigurði Sigurðssyni, verkefnastjóra hjá Heimili og skóla



Nýr tveggja ára samningur um rekstur SAFT verkefnisins var undirritaður við hátíðlega athöfn í Klettaskóla.

og SAFT, ferðuðust vítt og breitt um landið og fræddu unglinga og foreldra þeirra um sambönd og sjálfsmynd unglinga á tímum nútíma samskiptatækni. Verkefnið hefur fengið mjög jákvæð viðbrögð hjá ungmennum og foreldrum sem hafa tekið þátt.

Sterkari út í lífið

Verkefnið Sterkari út í lífið hefur það að markmiði að auka aðgengi foreldra að efni sem hægt er að nota heima við og styrkir sjálfsmynd. Sálfræðingar Höfðabakka eru framkvæmdaraðili verkefnisins en í því er fjöldi samstarfsaðila. Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla situr í framkvæmdahópi. Síðan sterkariutilifid.is er með greinasafn og verkfærakistur fyrir foreldra og hvílir allt efni sem þar er á traustum og gagnreyndum grunni. Þar er einnig að finna upplýsingar um samstarfsaðila. Einnig er hægt að fylgjast með Facebook-síðu verkefnisins. Haldin voru tvö málþing á árinu undir yfirskriftinni Sterkari út í lífið. Fyrsta málþingið var haldið 19. mars 2019 og annað málþingið 30. október 2019. Bæði voru þau haldin á Nordica hótel í Reykjavík. Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, var með erindið *24 stundir: Forgangsröðun fjölskyldunnar* á fyrra málþinginu en Bryndís Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Heimili og skóla og SAFT, var með erindið *Tæknilegt líf ungra barna: Byggjum traustan grunn* á seinna málþinginu. Erindin voru tekin upp og er þau að finna á síðu verkefnisins og Youtube. Stefnt er að því að halda sams konar málþing að minnsta kosti á hverju ári.

Núverandi samningur

Núverandi samningur við Evrópusambandið (ESB) vegna SAFT verkefnisins var undirritaður 2018 og rennur hann hann út í desember 2020. Samningurinn snýr að rekstri SAFT verkefnisins á Íslandi sem hluta netöryggisáætlunar ESB. Heimili og skóli – landssamtök foreldra, Rauði kross Íslands, Ríkislögreglustjóri og Barnaheill – Save the Children á Íslandi undirrituðu samninginn. Kannanir sýna fram á góðan árangur SAFT verkefnisins á Íslandi og aukna vitundarvakningu um netið. Öflugt starf er unnið á vegum SAFT er varðar forvarnir og fræðslu. Í þessum samningi sameinast þrjú verkefni: hjálparlína (helpline), ábendingalína (hotline) og vakningarátak (awareness) hjá SAFT. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur lagt sérstaka áherslu á þátttöku í vakningarátaksverkefni og dómsmálaráðuneyti/samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti hafa lagt áherslu á verkefni tengd hjálparlínu og verkefni tengd ábendingalínu (m.a. með áframhaldandi samstarfi við Ríkislögreglustjóra). Nýr tveggja ára samningur við ráðuneytin um rekstur SAFT verkefnisins var undirritaður við hátíðlega athöfn í Klettaskóla 3. apríl 2019.

4 ÚTGEFIÐ EFNI, DREIFING OG VEFSÍÐA

4.1. Útgáfa

Foreldrasáttmáli, handbækur og bæklingar

Foreldrasáttmálinn er vinsælt og sniðugt verkfæri til að stuðla að umræðum foreldra og samtakamætti þeirra. Á heimasíðu samtakanna eru kynningarglærur fyrir Foreldrasáttmála sem auðvelda fulltrúum foreldra kynningu og fyrirlögn sáttmálans. Einnig hefur verið mikill áhugi á sáttmálanum erlendis frá í tengslum við íslenska forvarnamódelið og var hann því þýddur á ensku fyrir alla aldurshópa og er einnig til á pólsku. Samtökin hafa um árabil dreift handbókum um foreldrasamstarf á rafrænu formi til foreldrafélaga og skóla á öllum skólastigum og bæklingum um starfsemi foreldrafélaga, foreldraráða og skólaráða (Virkir foreldrar – betri leik-, grunn- og framhaldsskóli). Upplýsingar um eldra efni sem enn er í dreifingu má finna á heimiliogskoli.is og saft.is

Læsissáttmáli

Sáttmálanum svipar til Foreldrasáttmála Heimilis og skóla en hann inniheldur sex atriði um lestur og læsi sem rædd eru á fundi bekkjarforeldra með umsjónarkennara og ítarefni dreift. Umræðurnar eru síðan rammaðar inn með undirskrift sáttmálans á táknrænan hátt og hann hengdur upp í skólastofu nemenda. Auk sáttmála og ítarefnis eru til bókamerki, kvittanahefti og ískápsseglar sem tengjast verkefninu sem kom fyrst út árið 2016. Einnig eru til lestrarbingó sem finna má á heimasíðu. Líkt og Foreldrasáttmálinn er þetta efni í sífelldri notkun.

Tímarit

Árið 2019 var tímarit Heimilis og skóla unnið og gefið út í samstarfi við Vodafone og var þema þess stafrænt uppeldi. Tímaritinu var dreift til allra leik-, grunn- og framhaldsskóla, bókasafna, félagsmanna Heimilis og skóla, úrtaks foreldra barna í 1. bekk og til viðskiptavina Vodafone. Einnig var tímaritinu dreift á öllum viðburðum Heimilis og skóla og sótt í þjónustumiðstöð. Tímaritið var prentað í 15.000 eintökum og fengu Vodafone 5000 af þeim eintökum.

Frekari upplýsingar um efni og útgáfu er að finna á heimiliogskoli.is og saft.is.

4.2. Heimasíða og facebook

Á heimasíðu samtakanna, heimiliogskoli.is, er að finna upplýsingar um hlutverk og skyldur foreldra, réttindi og annað efni sem tengist foreldrasamstarfi.

Heimili og skóli eru með virka fésbókarsíðu (Facebook) sem opnuð var haustið 2009, Youtube rás og Twitter aðgang. Samtökin hafa nú 5.079 fylgjendur Facebook. Settar eru inn fréttir og annað efni reglulega. Heimasíða og fésbókarsíða eru hugsaðar í samhengi þannig að þær styðji hvor við aðra. Þannig eru tíðari uppfærslur á fésbókinni en ýmsar upplýsingar og efni á heimasíðu.

SAFT er með eigin síðu, saft.is og aðgang að helstu samfélagsmiðlum s.s. Facebook (2.212 fylgjendur), Twitter og Youtube. Auk þessa sjáum við um facebook síðurnar neteinelti.is (801 fylgjandi) og Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð (1.580 fylgjendur).



Tímarit Heimilis og skóla kom út árið 2019 í samstarfi við Vodafone.

5 *FUNDIR, FRÆÐSLA OG AÐRIR VIÐBURÐIR*

Ýmiss konar ráðstefnur og fundir voru sótt af starfsfólki og stjórnarmeðlimum Heimilis og skóla árið 2019. Einnig komu fulltrúar Heimilis og skóla að undirbúningi funda, ráðstefna, námskeiða, héldu erindi og tóku virkan þátt í þjóðfélagsumræðu, m.a. í fjölmiðlum. Samtökin eiga í víðtæku samstarfi við ýmsa aðila innanlands og utan.

6 *SAMSTARF INNANLANDS*

Heimili og skóli – landssamtök foreldra voru í samstarfi við ýmsa aðila á starfsárinu, fulltrúar samtakanna áttu sæti í nefndum og vinnuhópum og komu að fjölbreyttum verkefnum. Sum eru í eðli sínu forvarnaverkefni en önnur lúta að hagsmunamálum foreldra og barna og samstarfi heimila og skóla. Undirbúningur nýrrar menntastefnu var fyrirferðarmikill seinni hluta ársins í kjölfar niðurstaðna úr PISA könnun 2018.

- *Velferðarvaktin*, Sigrún Edda Eðvarðsdóttir og Þröstur Jónasson til vara.
- *Náum áttum* er fræðslu- og forvarnahópur sem skipuleggur mánaðarlega morgunverðarfundi um ýmis mál er varða forvarnir og velferð. Bryndís Jónsdóttir.
- *SAMAN-hópurinn* vinnur að forvörnum í tengslum við viðburði þar sem líklegt er að aukning verði á neyslu vímuefna meðal ungmenna og sendir jákvæð og uppbyggjandi skilaboð til foreldra. Hópurinn heldur samráðsfundi einu sinni í mánuði. Hrefna Sigurjónsdóttir.
- Heimili og skóli taka þátt í alþjóðlega verkefninu *Göngum í skólann*. Samstarfsaðilar verkefnisins eru: Embætti landlæknis, Heimili og skóli, Umferðarstofa, Ríkislögreglustjóri, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Íþrótta- og ólympíusamband Íslands. Fulltrúi Heimilis og skóla er Bryndís Jónsdóttir.
- Heimili og skóli eiga aðild að *Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og framsögn*, sem stofnuð voru til að skipuleggja Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk og/eða önnur verkefni sem þjóna sömu markmiðum. Hrefna Sigurjónsdóttir situr í félagsráði Radda.
- *Dagur leikskólans*. Hrefna Sigurjónsdóttir í undirbúningsnefnd.
- *Samstarfsnefnd um verkefni Evrópuráðsins um hatursorðfæri á netinu (No Hate Speech Movement)*, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Guðberg K. Jónsson.
- *Samráðsnefnd leik- og grunnskóla*, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Sigrún Edda Eðvarðsdóttir og Þröstur Jónasson og Hrefna Sigurjónsdóttir til vara.
- *RANNUM – rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun*. Guðberg K. Jónsson.
- *Dómnefnd í smásagnasamkeppni KÍ og Heimilis og skóla*. Bryndís Jónsdóttir.
- *Stýrihópur um stefnu menntunar án aðgreiningar – Menntun fyrir alla*. Bryndís Jónsdóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir til vara.
- Samráð með *nefnd forsætisráðuneytis um mótun stefnu í forvörnum og fræðslu með það að markmiði að útrýma kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri áreitni og öðru kynbundnu ofbeldi*. Hildur Halldórsdóttir.
- *Net- og upplýsingaöryggi, stefnumótun*, dómsmálaráðuneyti. Guðberg K. Jónsson.
- *Starfshópur sem vinnur að því að kortleggja úrræði lögreglu vegna dreifingar kláms á netinu og gera tillögur að breytingum, einkum m.t.t. þess að börn hafi ekki aðgang að grófu efni*, dómsmálaráðuneyti. Guðberg K. Jónsson.
- *Ráðgjafanefnd Menntamálastofnunar*. Sigrún Edda Eðvarðsdóttir.
- *Samstarfshópur um framtíð samræmdra könnunarprófa*. Þorvar Hafsteinsson.
- *Samráðshópur um endurnýjun á fræðsluefni Barnasáttmálans*. Hildur Halldórsdóttir.
- *Samráðshópur um barnaþing Umboðsmanns barna 2019*. Hildur Halldórsdóttir
- *Skuggaskýrsla/viðbótarskýrsla til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna*. Hrefna Sigurjónsdóttir.

- *Starfshópur um geðrækt í skólum.* Hildur Halldórsdóttir.
- *Starfshópur um styrkingu leikskólastigsins.* Hildur Halldórsdóttir.
- *Sterkari út í lífið, framkvæmdahópur.* Hrefna Sigurjónsdóttir.
- Heimili og skóli eiga víðtækt samstarf við þriðja geirann og eru hluti af *Almannaheill – samtökum þriðja geirans*. Hrefna Sigurjónsdóttir situr í varastjórn Almannaheilla fyrir hönd Heimilis og skóla.
- Tveir hópar á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis tóku til starfa á árinu 2020 og voru það samráðshópur um skólahald á tímum COVID-19 og ráðgjafarhópur um þjóðarátak í þágu forvarna fyrir börn og ungmenni. Hrefna Sigurjónsdóttir á sæti í báðum þessum hópum en auk hennar eru Sigríður Arndís Jóhannsdóttir og Þórður Ingi Scheving Bjarnason til vara í samráðshópi um skólahald. Hrefna tók einnig þátt í fundum á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis í upphafi árs 2020 um nýja menntastefnu.
- Stjórn og starfsfólk Heimilis og skóla veita umsagnir til Alþingis vegna þingsályktana og/eða frumvarpa til laga þegar við á.
- Fjölmiðlar leita gjarnan til samtakanna og verða þá yfirleitt framkvæmdastjóri eða formaður/varaformaður Heimilis og skóla fyrir svörum. Starfsmenn samtakanna skrifa einnig greinar og annað efni í fjölmiðla og veita upplýsingar.

7 | *ERLENT SAMSTARF*

NOKO – Nordisk Komitté

Heimili og skóli eru í norrænu samstarfi NOKO, Nordisk Komitté, með foreldrasamtökum í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Markmiðið með samstarfinu er að aðildarfélög deili skoðunum, reynslu og rituðu efni auk þess sem sameiginlegar ákvarðanir og ályktanir auka vægi hverra samtaka heima fyrir. Einnig er haldin ráðstefna annað hvert ár. Finnsku foreldrasamtökin Suomen Vanhempainliitto bættust í hóp samstarfsaðila NOKO í apríl 2019 en fyrir voru finnsku foreldrasamtökin Hem och skola sem eru foreldrasamtök sænskumælandi Finna ásamt foreldrasamtökum hinna Norðurlandanna. Ísland fer nú með formennsku í NOKO.

Fyrri NOKO fundur formanna og framkvæmdastjóra var haldinn í Solna, Svíþjóð, 4.-5. apríl 2019. Auk hefðbundinna fundarstarfa var boðið upp á skólaheimsókn í Kista alþjóðaskólann (Kista International School) sem náð hefur góðum árangri með nemendur af erlendum uppruna. Skólastjórinn Johan Segerfelt og formaður foreldraráðsins, Mohamed Hagi Farah, leiddu okkur um skólann og kynntu starfsemina. Seinni NOKO fundur formanna og framkvæmdastjóra var haldinn í Osló 23.-24. september 2019. Auk venjubundinna fundarstarfa var boðið upp á kynningu frá Mats A. Kirkebirkeland, sérfræðingi í Stoltenbergutvalget, á skýrslu hópsins um kynjamun í námi og hvernig drengir stæðu oftar höllum fæti í skólakerfinu. Einnig var unnið að skipulagningu NOKO ráðstefnunnar sem halda átti í september 2020 en hefur nú verið frestað til



Frá NOKO fundi í Osló í september 2019.

haustsins 2021, nánar tiltekið 17.-19. september 2021, vegna kórónuveirufaraldurs. Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, formaður Heimilis og skóla, er nú formaður NOKO samstarfsins og mun hún gegna formennsku lengur en til stóð þar sem fresta þurfti ráðstefnunni um eitt ár. Finnar fara áfram með verkstjórn og er Maarit Westerén frá samtökunum Hem och skola í Finnlandi ritari NOKO.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæði NOKO: noko.hemochskola.webbhuset.fi

Kveikingardagurinn
Framkvæmdastjóra Heimilis og skóla, Hrefnu Sigurjónsdóttur, var boðið að halda erindi um foreldrastarf og forvarnir á Kveikingardeginum í Þórshöfn í Færeyjum 8. nóvember 2019 en Kveikingardagurinn er vinsæll forvarnadagur þar ytra. Um 250 manns hlýddu á þau erindi sem í boði voru og var þetta tíu ára afmæli dagsins. Kveikingadagurinn er haldinn af SSP í Færeyjum sem stendur fyrir Skúli, Sosialir, myndugleikar og Politi. Hrefna notaði tækifærið og fundaði einnig með forsvarsmönnum Heim og skúli í Færeyjum sem eru systursamtök Heimilis og skóla þar. Við þökkum kærlega fyrir einstaklega góðar móttökur og áhugaverða ráðstefnu.

NABO – Norrænt samstarf gegn einelti
Árið 2018 hófst formlega norrænt samstarf gegn einelti en FRIENDS International Center Against Bullying í Svíþjóð (Stiftelsen Friends) hafði í nokkurn tíma verið í sambandi við ýmsa hagsmunaaðila á Norðurlöndunum í því augnamiði að skapa sameiginlegan vettvang til að deila þekkingu og vinna gegn einelti. Árið 2018 hittist hópurinn tvisvar en fundaði þess á milli með fjarfundabúnaði. Hrefna Sigurjónsdóttir er fulltrúi Heimilis og skóla og SAFT í hópnum og stofnmeðlimur. Árið 2019 fékk hluti hópsins styrk frá Norrænu rannsóknarstofnuninni í kvenna- og kynjafræðum (NIKK, Nordisk information för kunskap om kön eða Nordic Information on Gender) til að vinna saman að verkefni sem snýst um að safna saman gagnreyndri þekkingu til að vinna gegn kynferðislegri áreitni og einelti, einkum í skólum og frístundastarfi. Samtökin FRIENDS sóttu um styrkinn og samstarfsaðilar eru frá Finnlandi (Folkhälsan, Mannerheimin lastensuojeluliitto/Mannerheim League for Child Welfare), Litháen (Vaiku Linija/Child Line) og Íslandi (Heimili og skóli og SAFT). Auk þess að safna saman gagnreyndri þekkingu er ætlunin að halda ráðstefnu í tengslum við málefnið. Hópurinn hittist í Osló í mars 2019 og hittist síðan reglulega á fjarfundum. FRIENDS samtökin halda annað hvert ár stóra alþjóðlega ráðstefnu um einelti, World Anti Bullying Forum (WABF) og var hún haldin í Dublin 4.-6. júní 2019.

Project Children can not wait!
Styrktarsjóðurinn The Active Citizens Fund (ACF) sem Ísland, Liechtenstein og Noregur standa fyrir styrkir samtök frá Slóvakíu í að skapa betri skilyrði fyrir góða stjórnunarhætti í Slóvakíu. Verkefnið „Börn geta ekki beðið!“ eða „Children can not wait!“ er styrkt af sjóðnum og er ætlað að bæta náms- og uppeldisaðstæður barna í Slóvakíu. Forsvarsmenn verkefnisins heimsóttu Heimili og skóla í október og tóku upp viðtal við framkvæmdastjóra. Viðtalið var klippt í tvö smærri myndbönd og sett á síður verkefnisins og Youtube. Ætlunin er að halda ráðstefnu í tengslum við verkefnið.

Íslenska forvarnamódelið – Planet Youth
Íslenska forvarnamódelið svokallaða hefur vakið heimsathygli á síðastliðnum árum og vilja aðrar þjóðir feta sömu slóð. Um er að ræða árangur Íslendinga í forvörnum síðastliðna áratugi en á rúmum 20 árum hefur unglingadrykkja og vímuefnaneysla unglinga minnkað mikið og nánast horfið í vissum árgöngum. Árangurinn byggir á samstarfi margra hlutaðeigandi aðila s.s. foreldra, kennara félagsmiðstöðva, íþróttafélaga og annarra í nærumhverfi barna og ungmenna. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Rannsókna og greininga, rannsoknir.is, og víðar. Rannsóknir og greining hafa kynnt aðferðafræðina víða um heim undir heitinu Planet Youth en hugmyndafræðin er m.a. notuð í Hollandi, Írlandi, Spáni, Chile og Ástralíu. Heimili og skóli hafa ekki farið varhluta af þeirri athygli sem íslenska forvarnamódelið hefur hlotið og tekið á móti fjölda erlendra gesta í tengslum við það. Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla var með erindi á alþjóðlegri Planet Youth ráðstefnu Rannsókna og greininga (Prevention is possible) á Hótel Natura í Reykjavík 8. mars 2019 og sagði þar frá starfi Heimilis og skóla og mikilvægi þess að virkja foreldra í forvörnum.

8 | *LOKAORÐ*

Nú þegar starfsárið 2019 er gert upp þá er óhætt að segja að starfið hafi verið bæði viðburðaríkt og gott. Helst ber að nefna mikilvægan samning til tveggja ára við þrjú ráðuneyti: mennta- og menningarmálaráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og félagsmálaráðuneyti, sem skrifuðu undir áframhaldandi stuðning við SAFT og Ekkert hatur verkefnið. Það er okkur hjá Heimili og skóla gríðarlega mikilvægt að geta haldið áfram á sömu braut við að stuðla að vitundarvakningu um örugga og jákvæða netnotkun, netöryggi sem og fræðslu með hag barna og ungmenna að leiðarljósi. Vakningarátak sem við höfum sinnt með öflugum hætti síðastliðin 15 ár með stuðningi hins opinbera auk þess sem verkefnið hefur verið styrkt af samgönguáætlun ESB.

Heimili og skóli skrifuðu einnig undir þriggja ára samning við Menntamálastofnun sem fór þess á leit við samtökin að taka að sér framkvæmd og undirbúning Dags gegn einelti sem haldinn hefur verið undanfarin ár þann 8. nóvember ár hvert. Heimili og skóli hafa með ýmsum hætti lagt baráttunni gegn einelti lið í gegnum árin en við þurfum sem samfélag að vera bæði vakandi og á verði og spyrja okkur hvað það er sem við getum gert til að leggja þessari baráttu lið. Því hér berum við öll ábyrgð, sem einstaklingar, skóli, samfélag og sem þjóð. Við erum Menntamálastofnun þakklát fyrir það traust sem Heimili og skóla er sýnt með umræddum samningi.

Nýr styrktarsamingur við mennta- og menningarmálaráðuneyti var loks undirritaður í lok janúar 2020 þar sem rekstrargrundvöllur samtakanna var tryggður til næstu 5 ára. Eins og greint hefur verið frá þá hefur ákveðin óvissa einkennt starfsemi samtakanna undanfarin ár þar sem viðræður við mennta- og menningarmálaráðuneytið um nýjan þjónustusamning hafa dregist á fjórða ár með viðaukum frá ári til árs. Það hefur reynst samtökunum erfitt enda mikilvægt að tryggja samtökunum traustan rekstrargrundvöll og eyða allri óvissu svo hægt sé að setja tíma og krafta starfsfólks og stjórnar í önnur og mikilvægari verkefni eins og að huga að grasrót samtakanna, líðan skólabarna, efla foreldrafélög og forsvarsmenn þeirra sem og fjölga svæðasamtökum um landið svo eitthvað sé nefnt.



Sigrún Edda Eðvarðsdóttir
formaður Heimilis og skóla

Öflugt og gott samstarf heimila og skóla er lykill að farsælu skólastarfi og leggur grunn að mikilvægu forvarnarstarfi um land allt. Ákveðin vinna í því samhengi hófst árið 2019 og ætti fátt að vera því til fyrirstöðu með nýgerðum þjónustusamningi að efla enn frekar grasrótarstarf samtakanna og virkja foreldra í þeirra mikilvæga hlutverki innan skólasamfélagsins. Bindum við sömuleiðis vonir við að áframhaldandi samstarf og samtal við kennaraforystu landsins, forystu skólastjórnenda og talsmenn foreldrafélaga, svæðasamtaka sem og annarra hagsmunaaðila komi til með að skila okkur betri sýn, skýrari stefnu og öflugra og betra samstarfi þegar til lengri tíma er litið.

Ég vil að lokum þakka stjórn og starfsfólki samtakanna kærlega fyrir gott og gefandi samstarf sem og öllum þeim frábæru samstarfsaðilum sem við höfum unnið með í gegnum árin með hag og vellíðan barna og ungmenna að leiðarljósi.

LÖG HEIMILIS OG SKÓLA – LANDSSAMTAKA FORELDRA

Nafn og aðsetur

1. gr. Samtökin heita Heimili og skóli, landssamtök foreldra. Aðsetur samtakanna er í Reykjavík.

Tilgangur, markmið og leiðir

2.gr. Hlutverk samtakanna er að efla foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu. Markmiðum sínum hyggjast samtökin ná með því meðal annars:

- að beita sér fyrir því að sjónarmið foreldra og barna séu virt þegar reglur eru settar og ákvarðanir teknar sem varða
- skóla-, uppeldis- og fjölskyldumál og að foreldrar sem slíkir eigi fulltrúa hvarvetna þar sem um þau mál er fjallað,
- að stuðla að og sjá um ein og/eða í samvinnu við aðra fræðslu-, ráðgjafar-, útgáfu- og rannsóknarstarfsemi sem
- stuðlar að auknum áhuga, ábyrgð og áhrifum foreldra á skóla-, uppeldis- og fjölskyldumálum,
- að byggja upp og treysta samstarf og tengsl heimila og skóla svo og foreldra innbyrðis,
- að stuðla að umbótum á sviði skóla-, uppeldis- og fjölskyldumála og vekja athygli á því sem vel er gert, m.a. með því
- að veita viðurkenningar fyrir góð störf,
- að hafa samstarf við önnur samtök og félög innanlands og utan sem starfa í sama eða sambærilegum tilgangi

Aðild

3. gr. Fullgildir félagar að samtökunum eru þeir einstaklingar og aðal- og varafulltrúar hvers svæðaráðs í fulltrúaráðinu sem greiða félagsgjald. Foreldrafélög, foreldraráð, skólar og aðrir geta einnig óskað eftir aðild að samtökunum en hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundi.

Stjórnskipulag

4.gr. Samtökin eru óháð stjórnvöldum, trúfélögum og stjórnmálaflokkum. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Hann skal halda árlega á tímabilinu 1. mars til 31. maí. Fundurinn skal auglýstur með 10 daga fyrirvara á heimasíðu samtakanna og samfélagsmiðlum þeirra. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Rétt til setu og atkvæðis á aðalfundi samtakanna eiga allir aðilar sem hafa staðið skil á félagsgjaldi yfirstandandi fjárhagsárs skv. 3. gr. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í atkvæðagreiðslu, nema um breytingar á lögum þessum, sbr. 9. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

a) Kosning fundarstjóra og fundarritara
b) Skýrsla stjórnar um störf og starfsemi samtakanna lögð fram til umræðu og samþykktar
c) Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram
d) Kosning í stjórn samtakanna
e) Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara
f) Önnur mál

Heimilt er að breyta röð dagskrárliða á aðalfundi.

Stjórn
5. gr. Stjórn samtakanna skipa sjö einstaklingar þar með talinn formaður. Annað hvert ár eru á aðalfundi kosnir þrír stjórnarmenn til tveggja ára í senn og tveir hitt árið. Það ár kýs fulltrúaráð samtakanna einn stjórnarmann til tveggja ára. Formaður skal kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi.

Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og kýs varaformann og ritara.

Kjörgengir til stjórnarkjörs eru þeir sem eru félagar í samtökunum þegar kosning fer fram. Formaður skal ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil í senn eða fjögur ár.Í umboði aðalfundar er hlutverk stjórnar að sjá til þess að samtökunum sé stýrt í samræmi við þessi lög, marka stefnu samtakanna, hafa eftirlit með rekstri þeirra og annast ráðningu framkvæmdastjóra. Stjórn kemur saman eigi sjaldnar en sex sinnum á ári og oftar ef þurfa þykir. Stjórn skal halda gerðabók þar sem bókuð eru öll mál sem tekin eru fyrir og afgreiðsla þeirra.

6.gr. Stjórn ræður framkvæmdastjóra samtakanna. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur samtakanna, skrifstofu þeirra og önnur þau verkefni sem stjórn felur honum.

7.gr. Svæðasamtök foreldra tilnefna fulltrúa þeirra svæðasamtaka foreldra, foreldrafélaga og foreldraráða sem eru félagar að samtökunum, til setu í fulltrúaráði samtakanna. Samtökin halda fund með fulltrúaráði að lágmarki tvisvar á ári. Fulltrúaráð er vettvangur foreldra og Heimilis og skóla til samráðs og samvinnu. Fulltrúaráð fjallar um eflingu foreldrastarfs, skólastefnu yfirvalda og velferð skólabarna. Þannig leitast landssamtökin við að efla tengsl við aðildarfélög víða um land og auka samskipti foreldra sín á milli og við stjórn samtakanna með það að markmiði að hvetja til virkari þátttöku foreldra í starfseminni.

Fjármál
8 gr. Tekjur samtakanna eru:
1. Félagsgjöld.
2. Styrkir.
3. Önnur fjáröflun.

Reikningstímabil og fjárhagsár samtakanna er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Stjórn samtakanna ákveður upphæð félagsgjalds. Samtökunum er heimilt að taka við styrkjum frá opinberum aðilum og öðrum sem vilja styðja þau.

Lagabreytingar
Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi samtakanna enda fái breytingartillaga 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn samtakanna ekki síðar en 10 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Tillögur til breytinga á lögum þessum, sem stjórn samtakanna hyggst leggja fram, skal kynna um leið og boðað er til aðalfundar.

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Suðurlandsbraut 24, 2. hæð | 108 Reykjavík
S. 516 0100 | www.heimiliogskoli.is